

Danska

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- geti skilið þegar við þá er talað á skýru og einföldu máli um efni sem tengist daglegu lífi þeirra
- geti skilið vel innihald stuttra texta sem fjalla um efni sem þeir þekkja
- geti myndað einfaldar setningar og svarað einföldum spurningum út frá orðaforða sem unnið hefur verið með
- geti heilsað, kynnt sig og þakkað fyrir sig með viðeigandi orðalagi
- geti sagt í stuttu, einföldu máli frá efni sem fjallað hefur verið um
- geti skilið einfaldar leiðbeiningar og upplýsingar, t.d. í tali kennara
- læri um nafnorð, kyn orða, tölu og greini
- geti skrifað stuttan texta, t.d. kveðjur og póstkort
- þekki mánuði og vikudaga
- læri orð sem tengjast þeim sjálfum og nánasta umhverfi þeirra, t.d. fjölskyldunni skólanum og áhugamálum.

Námsefni

Start (lesbók, vinnubók og talæfingar)

Kennsluform

Einstaklings- og hópavinna, hlustun og endurtekning. Leikir og spil. Talæfingar þar sem unnið er með orð sem nemendur þekkja.

Námsmat

Í dönsku er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun 20%
- vinnubrögð og vinnubækur 20%
- kannanir og verkefni 60%

Enska

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- geti hlustað eftir aðalatriðum
- skilji frásagnir sem hæfa aldri hans, um kunnugleg efni
- skilji ensku talaða á eðlilegum hraða í viðfangsefnum sem unnið er með
- geti sagt frá viðfangsefnum sem unnið hefur verið með, t.d. frásögnum, eigin endursögnum, samtölum
- kunni að beita nútíð algengra sagna, algengum fornöfnum, nafnorðum, lýsingarorðum og greini
- þjálfist í réttri stafsetningu algengra orða sem unnið hefur verið með
- þjálfist í að vinna markvisst með orðaforða
- geti lesið einfaldar smásögur og texta

Námsefni

Portfolio - Build up 2

Topic Books

Dock

Tic, Tac, Toe krossgátur

Lestextar frá kennara

Efni af vef

Kennsluform

Farið verður yfir verkefni úr vinnubók og lesbók í tímum. Nemendur verða þjálfaðir í hlustun, lestri og ritun. Áhersla lögð á vandvirkni í vinnubókinni. Kennslan byggist mest á tal- og hlustunaræfingum í tímum og verkefnavinnu sem tengjast þeim. Að auki verða verkefni unnin heima fyrir. Nemendur vinna ýmist einir sér eða í hópum. Enska verður að hluta til samskiptamál í tímum.

Námsmat

Í ensku er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- kannanir 35%
- ástundun og virkni 35%
- vinnubók og vinnubrögð 30%

Heimilisfræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- skilji mikilvægi hollrar næringar og heilbrigðra lífshátta
- þjálfist í að velja rétt áhöld og tæki við matargerð og bakstur
- geri sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis við matreiðslu og heimilisstörf
- þjálfist í að vinna sjálfstætt og með öðrum
- læri að vinna eftir uppskrift

Námsefni

Heimilisfræði fyrir 7. bekk

Verkefni og uppskriftir frá kennara

Kennsluform

Innlögn, leiðsögn, einstaklings- og hópavinna. Kennslan verður bæði bókleg og verkleg.

Námsmat

Árgangnum er skipt upp í tvo hópa og fær hver hópur kennslu hálf t skólárið. Um símat er að ræða þar sem frammistaða hvers og eins er metin.

- vinnubók 20%
- framkoma 20%
- frumkvæði og vinnubrögð 60%

Hönnun og smíði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- sýni handverki virðingu og meti það að verðleikum
- efli sjálfsmynd sína og frumkvæði í skapandi starfi sem virkir þátttakendur
- geti sett fram og mótað eigin hugmyndir
- geti beitt helstu handverkfærum sem nota má við gerð smíðisgripa
- geti notað einföld rafmagnsverkfæri og umgengist þau á ábyrgan hátt
- séu ávallt meðvitaðir um þær hættur sem geta skapast við notkun tækja og tóla og nýti þann öryggisbúnað sem áskilinn er hverju sinni
- þekki helstu yfirflokka smíðaefnis, eiginleika og notagildi þess
- tileinki sér ávallt góðan frágang efna og áhalda að lokinni notkun
- þrói með sér hæfni til að vinna með öðrum
- átti sig á gildi verklegs náms fyrir tengsl skóla og atvinnulífs

Námsefni

Óformlegar samræður kennara og nemenda, blöð, teikningar, hugmyndir nemenda o.fl.

Kennsluform

Hópkennsla og einstaklingsaðstoð. Nemendur vinna a.m.k. tvö skylduverkefni: hanna og vinna ramma utan um spegil ásamt því að tálga eitt verkefni sem er valið í samráði við kennara. Nemendur þurfa að teikna öll verkefni sem þeir gera með málsetningum og stutttri lýsingu á hvaða verkfæri voru notuð og hvað var gert. Þessu skal skilað í möppu sem metin verður til einkunnar.

Námsmat

Í smíðum er gefin skólæinkunn í lok annar.

- virkni, hegðun, vinnubrögð og afrakstur 80%
- mappa 20%

Íslenska

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- nái góðum leshraða og geti lesið ólíka texta af öryggi og skilningi
- geti fundið sér lesefni til afþreyingar og aflað sér heimilda
- geti tjáð sig frammi fyrir áheyrendum og geti gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær
- þjálfist í að lesa fjölbreytta texta upphátt með viðeigandi áherslum og túlkun
- nái valdi á helstu atriðum stafsetningar og færni í greinamerkjasetningu
- þjálfist í uppsetningu og frágangi á eigin texta
- þrói persónulega rithönd og geti skrifað um eigin reynslu, hugsanir og tilfinningar
- geti skrifað útdrætti og endursagnir
- læri undirstöðuatriði heimildaritunar
- átti sig á hugtökunum tími, umhverfi, aðal- og aukapersónur í umfjöllun um skáldsögur
- þekki hugtökin rím, stuðlar og höfuðstafir, braglína, persónugerving og líking
- átti sig á flokkun íslenskra orða í fallorð, sagnorð og óbeygjanleg orð
- geti greint nafnorð, lýsingarorð, sagnorð og fornöfn í flokka
- þjálfist í að fallbeygja orð og finna tölu og kyn
- geti fundið nafnhátt sagna og nútíð og þátíð
- geti fundið stofn orða og nýtt sér þá þekkingu við stafsetningu
- þekki mun á setningu, málsgrein og efnisgrein

Námsefni

Finnbjörg

Málrækt 3

Skrudda

Fallorð

Mál er miðill

Grænkápa

Grillaðir bananar

Ljóðahefti

Kennsluform

Nemendur vinna hver á sínum hraða, ýmist einir sér eða í hópum. Áhersla verður lögð á sjálfstæð vinnubrögð. Unnin verður heimildaritgerð á haustönn og nokkur styttri ritunarverkefni á vorönn.

Námsmat

Í íslensku er gefin skólaeinkunn að hausti og vori, samræmd prófseinkunn í íslensku að hausti og prófseinkunn í lestri, íslensku (málfræði og bókmenntum) og stafsetningu að vori.

Að hausti

- kannanir 50%
- ritgerð 15%
- ástundun og virkni 20%
- vinnubók og vinnubrögð 15%

Að vori

- kannanir 50%
- ritun 15%
- ástundun og virkni 20%
- vinnubók og vinnubrögð 15%

Íþróttir

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- efli þol, styrk, kraft og liðleika
- skilji mikilvægi reglubundinnar líkamsræktar og finni til þess leiðir við sitt hæfi
- fái aukið sjálfstraust, viljastyrk og áræði
- fræðist um íþróttir, líkamsrækt og heilsuvernd
- fái stuðning við þroskaferli í öðrum námsgreinum
- fari eftir reglum og virði þær

Námefni

Útileikir, leikir, körfubolti, fitness, fótbolti, stöðvar, cooper próf, píptest, liðleikapróf, sipp-próf, bandý, skólahreysti, handbolti, frjálsar íþróttir, badminton, útihlaup.

Námsmat

- próf (cooper, píptest, langstökk án atr., kúluvarp, liðleiki og sipp) 50%
- mæting, virkni, áhugi og framkoma 25%
- gögn 25%

Lífsleikni

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- skoði ýmsar hliðar þess að breytast úr barni í ungling
- skoði samskipti undir mismunandi kringumstæðum
- sitji sameiginlega bekkjarfundi þar sem allir fá tækifæri til að tjá sig
- geti nefnt persónur sem hann lítur upp til og ber virðingu fyrir
- viti af hættum sem eru samfara neyslu áfengis - og tóbaks
- geti greint frá helstu stofnunum og fyrirtækjum í eigin byggðarlagi
- viti hvað hugtökin umhverfisvænn og vistvænn þýða í fjölbreyttu samhengi
- viti hvert á að leita þegar hætta steðjar að og hvernig á að bregðast við hættuástandi

Námsefni

Reyklaus – að sjálfsögðu, ýmislegt efni frá kennara og myndbönd

Efni tengt Olweus

Kennsluform

Útlistunarkennsla, verkefnavinna, leitaradferðir, umræðu- og spurnaraðferðir og hópvinubrögð.

Námsmat

Í lífsleikni er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- Virkni og þátttaka í umræðum 100%

Myndmennt

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- temji sér vandvirkni í vinnubrögðum
- átti sig á uppbyggingu mynda
- tileinki sér helstu aðferðir við myndgerð
- öðlist færni í að þróa hugmynd yfir í myndverk
- teikni hluti eftir fyrirmynd, t.d. uppstillingu
- þekki samhengi grunnforms í tví- og þrívídd
- geti gengið frá efni og áhöldum og gert sér grein fyrir verðmæti efna sem unnið er með
- þekki helstu einkenni kúbisma, abstraktsins og popplistar

Námsefni

Myndmennt I og II. Ýmsar sögu-, mynda- og listaverkabækur.

Kennsluform

Unnið verður með tengsl texta og mynda og uppbyggingu og tækni af ýmsum toga við myndgerð. Kenndar verða ýmsar aðferðir við myndgerð s.s. uppstilling, límbrykk, þrívídd, skissugerð og teiknimyndagerð. Einnig verður rætt um nokkrar stefnur í myndlist.

Námsmat

Í myndmennt er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun og vinnubrögð 60%
- verkefni 40%

Náttúrufræði (eðlis-, efna- og jarðfræði)

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

Eðlisvísindi

- átti sig á muninum á frumeind og sameind
- átti sig á muninum á frumefni og efnasambandi
- átti sig á muninum á föstum efnum, vökvum og lofttegundum með tilliti til hreyfinga sameinda
- átti sig á muninum á massa og rúmmáli og helstu mælieiningum þessara eiginleika
- skilji hugtakið leysni
- skilji að sérhvert efni getur breytt um ham
- skilji hvað hamskipti fela í sér og geti gert grein fyrir hugtökunum bráðnun, storknun, uppgufun og þétting
- skilji hvað hugtökin bræðslumark og suðumark merkja
- geri sér grein fyrir að við blöndun tveggja efna geti orðið til nýtt efni með allt aðra eiginleika en upphaflegu efnin
- öðlist skilning á hugtökunum varmi og hitastig og geta tengt þau við daglegt líf
- skilji hvernig mismunandi varmaleiðni efna á sér stað í daglegu lífi
- þekki þá orkugjafa sem mest eru notaðir á Íslandi
- skilji hvernig mismunandi hitastig hefur áhrif á efni og hluti
- geti útskýrt hringrás vatns í náttúrunni út frá hamskiptum
- geti greint á milli þess sem er endurnýjanlegt í náttúrunni og einungis til í takmörkuðum mæli
- beri virðingu fyrir lífandi verum, lífnaðarháttum þeirra og búsvæðum og skilji eðlilegar takmarkanir á nýtingu þeirra
- geri sér grein fyrir að maðurinn er hluti af náttúrunni og lífsafkoma komandi kynslóða byggist á umgengi hans við náttúruna
- sýni ábyrgð á íslenskri náttúru og geri sér grein fyrir sérstöðu hennar

Áttahagafræði

- kynnist vatnsaflsvirkjun í heimabyggð með vettvangsferð í Rjúkandavirkjun

Námsefni

Auðvitað 3

Kennsluform

Útlistunarkennsla, vettvangsferðir, verkefnavinna, verklegar æfingar, umræðu- og spurnaraðferðir, leitaraðferðir og hópvinubrögð.

Námsmat

Í náttúrufræði er gefin skólæinkunn að hausti og vori.

- ástundun og vinnubrögð 20%
- kannanir 50%
- vinnubók og verkefni 30%

Náttúrufræði (líffræði)

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

Lífvisindi

- geri sér grein fyrir að lífverur eru ýmist ein- eða fjölfrumungar
- geri sér grein fyrir fjölbreytileika frumna
- viti að erfðir ráðast af genum sem eru í frumum
- þekki helstu líffærakerfi mannslíkamans og starfsemi þeirra í stórum dráttum
- viti hvernig barn verður til og fóstur þroskast
- geti lýst helstu breytingum sem verða á líkama mannsins frá fæðingu til elliára
- geri sér grein fyrir hvernig mannslíkaminn nýtir fæðuna og fær úr henni orku
- geti tekið skynsamlega afstöðu í kynferðismálum út frá þekkingu á einkennum og hlutverki kynþroskaaldursins
- skilji ábyrgð sína á eigin heilsu og möguleikum sínum til að koma í veg fyrir ýmsa sjúkdóma
- geri sér grein fyrir að lífríki sjávar er mjög fjölbreytt
- geri sér grein fyrir að umhverfið í hafinu er fjölbreytt
- skilji tengsl búsvæða og lífríkis
- þekki til flókans fæðuvefs hafsins
- geri sér grein fyrir að maðurinn getur með umgengni sinni haft veruleg áhrif á lífríki hafsins
- þekki mikilvægi hafrannsóknna

Námsefni

Maðurinn – hugur og heilsa

Lífríkið í sjó

Kennsluform

Útlistunarkennsla, verkefnavinna, verklegar æfingar, umræðu- og spurnaraðferðir, leitaraðferðir og hópvinubrögð.

Námsmat

Í líffræði er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- ástundun og vinnubrögð 20%
- kannanir 50%
- vinnubók og verkefni 30%

Samfélagsfræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

Landfræði

- öðlist færni í að lesa úr kortum og gröfum og öðrum landfræðilegum upplýsingum
- þekki á Evrópukorti nöfn og legu ríkja í Evrópu auk stærstu áa, vatna, hafa og fjallgarða
- þekki hvernig landslag álfunnar hefur myndast og mótast m.a. vegna plötuhræfinga, veðrunar og rofs
- átti sig á menningarlegum og viðskiptalegum tengslum Íslendinga við aðrar Evrópuþjóðir
- afli sér upplýsinga um einstök lönd eða landsvæði eftir mismunandi leiðum t.d. með bókum, dagblöðum, tölfræðigögnum og kortum
- fjalli um hugtök eins og ríki, land, þjóð og landamæri
- þekki helstu gerðir orkulinda sem nýttar eru, hvar þær er að finna og hvernig þær hafa myndast
- átti sig á nauðsyn alþjóðlegrar samvinnu ríkja á sviði umhverfismála þar sem t.d. mengun og loftslagsbreytingum verða ekki sett landfræðileg mörk

Saga

- geri sér grein fyrir því hvernig Ísland byggðist frá Norðurlöndum
- kynnist því hvernig Íslendingar bundust norsku og síðan dönsku konungsvaldi
- læri hvernig Norðurlönd tengdust í Kalmarsamband og skiptust í tvö fjölþjóðleg ríki
- viti um uppruna mótmælendahreyfingarinnar og lúthersks siðar
- kynnist atburðarás siðbreytingar á Norðurlöndum, einkum á Íslandi
- þekki að Danmörk og Svíþjóð urðu herveldi í Evrópu og áttu í stríði sín á milli
- þekki einveldi og einokunarverslun Dana á Íslandi
- viti að 18. öld var tímáskeið áfalla á Íslands s.s. vegna stórubólu og Skaftárelda
- þekki til siglinga Englendinga og áhuga þeirra á íslenskum fiski, veiðum og verslun
- læri að Bretland var öflugt stórveldi á 18. öld og lenti í útistöðum við Frakka og Dani
- læri um valdatöku Jörundar hundadagakonungs í ljósi átaka milli Dana og Englendinga
- þekki til hugmynda og viðhorfa útlendinga til Íslands og Íslendinga á fyrri öldum
- þekki Tyrkjaránið sem atburð, lífsreynslu og árekstur menningarheima
- geri sér grein fyrir hnattstöðu landsins, fjarlægð til annarra landa og meti hvaða lönd standi Íslandi næst

Námsefni

Evrópa álfan okkar, Ein grjóthrúga í hafinu, verkefni af Skólavefnum, kortabækur og ýmsar handbækur.

Kennsluform

Útlistunarkennsla, verkefnavinna, hópvinnubrögð, umræðu- og spurnaraðferðir, leitaraðferðir.

Námsmat

Í samfélagsfræði er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- kannanir og kaflapróf 40%
- ástundun í skólanum og heima 20%
- vinnubók 40%

Stærðfræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

Stærðfræði og tungumál

- vinni með algengar rómverskar tölur
- beri saman breytingar á stærðum og meti mismun á hlutfallslegri breytingu
- þjálfist í notkun sviga, t.d. með því að búa til dæmi um talnastæður með svigum á ólíkum stöðum
- vinni greinargerð í samfelldu máli með útreikningum og skýringarmyndum um viðfangsefni af stærðfræðilegum toga

Lausnir verkefna og þrauta

- temji sér að spyrja spurninga um verkefni í því skyni að öðlast betri skilning á því
- prófi lausnir í samhengi við upphaflegt verkefni
- glími við verkefni sem gera kröfur til frumkvæðis
- geti sett upp dæmi og túlkað niðurstöður

Röksamhengi og röksemdafærslur

- ræði um sennilegar tilgátur og rökstuddar niðurstöður
- flokki hugtök, s.s. ferhyrninga, rétthyrninga, samsíðunga, tígla og ferninga

Tengsl við daglegt líf og önnur svið

- setji stærðfræðileg hugtök í samband við hversdagslega hluti
- kynnist algengum mælieiningum í öðrum löndum
- venjist því að áætla í staðaleiningum, s.s. metrum grömmum og lítrum
- vinni með algengustu einingar metrakerfisins

Tölur

- beri saman almenn brot og tugabrot
- geti raðað almennum brotum eftir stærð
- vinni með neikvæðar tölur
- finni stærsta samdeili sem styttingartölu
- vinni með afgang við deilingu
- breyti almennu broti í tugabrot

Reikniaðgerðir, reiknikunnátta og mat

- margfaldi fjögurra stafa tölu með allt að tveimur aukastöfum með eins stafs tölu
- deili með eins stafs tölu í fjögurra stafa tölu með allt að tveimur aukastöfum
- reikni með einföldum neikvæðum tölum í eðlilegu samhengi, t.d. hitastigsbreytingar
- margfaldi og deili í fjögurra stafa tölur með tveggja stafa tölum í reiknivél
- kynnist forgangsröð reikniaðgerða
- leggi saman og finni mismun ósamnefndra brota
- kynnist aðferðum við hugarreikning
- námundi hvaða tölu sem er að næsta tug eða hundraði eftir því sem að við á
- þjálfist í að setja upp dæmi og velja aðgerðir

Hlutföll og prósentur

- teikni uppdrátt í réttum hlutföllum, t.d. 1:10 og 1:100
- finni hluta af heilum tölum, t.d. $\frac{2}{5}$ hluta af 20
- reikni brot og prósentur af heilum stærðum, t.d. afslátt eða vexti

Mynstur og algebra

- setji upp einföld föll og teikni gröf þeirra
- noti dreifireglu til að margfalda tveggja stafa tölur með eins stafs tölu í huganum

Rúmfræði

- ræði um hugtakið línu og skurðpunkta hennar við aðrar línur og hvaða munur er á línu og striki
- geti reiknað ummál og flatarmál rétthyrninga, þríhyrninga og ferninga
- reikni rúmmál teninga, réttstrendinga og þrístrendinga
- finni staðsetningu á landakorti út frá lengdar- og breiddargráðum og út frá stefnu og fjarlægð frá gefnum punkti
- finni samhverfuás, samhverfulöt og snúningsmiðju í margvíslegum tvívíðum og þrívíðum hlutum
- teikni þríhyrninga með gefnum stærðum
- athugi eiginleika marghyrninga, s.s. hornasummu og flatarmál, út frá flatarmáli

Tölfræði og líkindafræði

- kynnist því að endurtekin tilraun getur gefið ólíkar útkomur
- átti sig á hvaða aðrir þættir geta haft áhrif á líkur á viðburðum

Námsefni

Geisli 3 (grunnbók) og vinnubækurnar Geisli 3A og Geisli 3B, Stjörnubækur

Kennsluform

Í kennslustundum vinna nemendur einstaklingsverkefni og verkefni sem reyna á samvinnu þeirra. Ný hugtök kynnt og útskýrð á töflu auk sýnidæma. Lögð verður áhersla á skipulögð og vönduð vinnubrögð.

Námsmat

Gefin er skólaeinkunn og prófseinkunn að hausti og vori.

Skólaeinkunn

- ástundun og vinnubrögð 20%
- heimadæmi 40%
- kannanir 40%

Sund

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- nái nauðsynlegri sundfærni skv. aðalnámskrá (7. stig)
- þjálfri þol og kraft í vatni

Námsefni

Hjálpargögn: korkur, hringir, spaðar, blöðkur o.fl.

Kennsluform

Fyrirlestrar kennara, sýni- og munnleg kennsla. Endurtekningaraðferðin, leikir og þrautir.

Námsmat

Í sundi er gefin skólaeinkunn að hausti og vori og prófseinkunn að vori.

- Mæting, virkni og viðhorf til viðfangsefna 100%

7. sundstig

- 25m skólabaksund
- 25m skriðsund
- 25m baksund
- 25m bringusund
- stunga af bakka
- 50m bringusund tímalágmark er 74,0 sek
- 25m skriðsund tímalágmark er 32,0 sek
- 300m bringusund tímalágmark er 10 mínútur
- 15m björgunarsund með skólabaksundfótatökum
- 8m kafsund

Textílmennt

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- geri sér grein fyrir mikilvægi vandaðra vinnubragða, vandaðan frágang og góðrar umgengni
- upplífi sköpunargleði við útfærslu eigin hugmynda
- kunni að nota og vinna sjálfstætt á saumavél
- kunni helstu þrjónaaðferðir t.d. garðapþjón, sléttþjón, sléttog brugðið, úrtöku, perlupþjón
- kunni helstu hekluaðferðir t.d. loftlykkju, fastahekl, pinnahekl, stuðlahekl
- skilji aðaleinkenni í vinnuferli handverks, frá hugmynd að hlut
- þekki helstu heiti og hugtök sem unnið er með

Námsefni

Handavinnublöð og bækur

Á þrjónum eftir Unni Breiðfjörð

Kennsluform

Reynt verður að hafa verkefnin sem fjölbreyttust og við hæfi hvers nemanda. Innlögn og sýnikennsla þar sem verkefni eru útskýrð fyrir nemendum. Að öðru leyti fer fram einstaklingskennsla.

Námsmat

Í textílmennt er gefin skólaeinkunn í lok annar.

- ástundun og vinnubrögð 60%
- verkefni 40%

Trúarbragðafræði

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- læri um helstu staðreyndir og siðaboðskap búddah- og hindúatrúar
- öðlist skilning og virðingu fyrir trú og menningu annarra
- tileinki sér samskiptareglur sem byggjast á kærleik og umhyggju fyrir öðrum mönnum, öllu lífi og umhverfi.
- velti fyrir sér siðfræðilegum spurningum og beri saman ákveðna þætti í ýmsum trúarbrögðum – finni hvað þau eiga sameiginlegt og hvað er mismunandi

Námsefni

Búddhatrú – Leiðin til nirvana

Hindúatrú – Guð í mörgum myndum

Kennsluform

Notast verður við námsleiðina gagnvirkur lestur þar sem nemendur lesa saman yfir námsefnið og kennarinn fer yfir það með nemendum. Kennslan verður í námskeiðsformi þar sem námsefninu er skipt upp í tvo flokka.

Námsmat

Gefin er skólaeinkunn að hausti og vori. Um símat að ræða.

- vinnubók 80%
- virkni og frumkvæði 20%

Tölvur

Námsmarkmið

Stefnt er að því að nemendur

- tileinki sér jákvæða afstöðu til tölvunotkunar
- læri að umgangast tölvu sem sjálfsgagt verkfæri
- kynnist tölvunni sem tæki til náms og annarrar vinnu
- kunni að skrifa texta og myndskreyta
- nái tökum á réttri fingrasetningu
- geti vistað og náð í skjöl
- geti geymt upplýsingar með skipulögðum hætti
- geti beitt tölvutækni við upplýsingaleit
- læri að nota töflureikninn Excel, ritvinnsluforritið Word og að búa til glærusýningar í Powerpoint

Námsefni

Excel töflureiknir, Word, Powerpoint, ýmis kennsluforrit og kennsluforrit í vélritun.

Kennsluform

Útlistunarkennsla, verkefnavinna, verklegar æfingar, leitaraðferðir og hópvinubrögð.

Námsmat

Í tölvum er gefin skólaeinkunn að hausti og vori.

- vinnubrögð, vinnusemi, frumkvæði og framkoma 60%
- verkefni 40%